

Bæjarráð Akraness  
Stílholti 16–18  
300 Akranes

Akranes 21.11.2017

Félag slökkviliðsmanna á Akranesi lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur varðandi fjölda starfandi slökkviliðsmanna hjá Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Árið 2007 voru síðast ráðnir inn nýliðar í Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar, kláruðu 5 slökkviliðsmenn nýliðabjálfun og urðu fullgildir slökkviliðsmenn. Starfandi slökkviliðsmenn voru 30 eftir þá ráðningu á Akranesi en leitast hefur eftir því í gengnum árin að fjöldi starfandi slökkviliðsmanna í liðinu sé ekki undir 28 manns.

Á þessum áratug sem síðan er liðinn hafa nokkrir úr liðinu látið af störfum sökum aldurs og fáeinir hætt af öðrum ástæðum án þess að ráðið hafi verið fyrir þá í staðinn. Starfandi slökkviliðsmenn í liðinni í dag aðeins 24 og fyrirséð að einn okkar lætur af störfum fyrir aldursakir um næstu áramót en hann varð sjötugur á árinu.

Á sama tíma og þessi fækkun hefur orðið í slökkviliðinu þá hefur íbúum á Akranesi fjölgað og fyrirtækjum á starfssvæði slökkviliðsins einnig.

Þess má geta að á næstu fjórum árum munu 5 slökkviliðsmenn af þessum 24 sem nú eru starfandi ná 67 ára aldri.

Félag slökkviliðsmanna á Akranesi treystir því að bæjarfulltrúar á Akranesi bregðist við, og tryggi að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 verði gert ráð fyrir ráðningu og bjálfun nýliða hjá slökkviliðinu svo fjöldi starfandi slökkviliðsmanna fylli aftur þrjá tugi.

Leiknir Sigurbjörnsson  
Formaður félags slökkviliðsmanna á Akranesi

Samrit sent:  
Ólafur Adolfsson  
Steinar Adolfsson